

Öldungur hf. opnaði hjúkrunarheimilið Sóltún 7. janúar 2002. Heimilið hefur þjónustusamning við ríkið um rekstur til næstu 25 ára. Íbúar heimilisins eru 92. Markmið Sóltúns er að veita íbúum sínum bestu hjúkrun og aðra þjónustu sem vöi er á, á hverjum tíma, og vera aðlaðandi starfsvettvangur. Allir þættir varðandi hönnun húsnæðis og val á hús- og tækjabúnaði hefur miðast við það. Sóltún tekur þátt í að mennta fagfólk innan heilbrigðisþjónustu í samvinnu við menntastofnanir.

GUÐSPJÓNUSTA VERÐUR Í SÓLTÚNI FÖSTUDAGINN 16.MARS KL. 14.00

Guðspjónusta verður í Sóltúni föstudaginn 16. mars kl. 14 í umsjón Jóns Jóhannssonar djákna. Ragnheiður Sverrisdóttir djákni predikar og Þorvaldur Þorvaldsson syngur. Organisti er Gunnar Gunnarsson.



Börn úr kór Vogaskóla komu og sungu undir stjórn Ágústu Jónsdóttur við guðspjónustu 16. febrúar síðastliðinn.

PÁSKABINGÓ

Páskabingó verður fimmtudaginn 4. apríl kl. 14 í samkomusalnum. Glæsilegir vinningar í boði.



Aðstandendur geta fengið sendar auglýsingar í tölvupósti, um uppákomur í Sóltúni. Vinsamlegast hafið samband við móttökuna.


Aðstandendur geta fengið raflykil að útidrym gegn vægu skilgjaldi í móttöku Sóltúns.

FRÉTTIR ÚR SÓLTÚNI

13.03.2007

GÓUGLEÐI 22.MARS 2007 KL.18

Góugleði verður fimmtudagskvöldið 22.mars kl. 18. Hátíðarkvöldverður verður framreiddur í öllum 12 borðstofum heimilisins. Í aðalrétt verður steikt lambafille með íslenskum kryddjurtum, gratíneraðar kartöflur, steikt blómkál, brokkál og púrtvínssósa. Í eftirrétt verður ostaterta með ferskum ávöxtum.



Eftir kvöldverðinn verður skemmtun í samkomusalnum. Söngfélagar úr Léttuveitinni syngja nokkur lög undir stjórn Jóhönnu Þórhallsdóttur, Heiðrún Gissun og Haraldur Eyjólfsson flytja söngatriði. Góugleðin verður auglýst nánar þegar nær dregur og skráning gesta hefst í móttöku viku áður.

Í ÞESSU TÖLUBLAÐI

- GÓUGLEÐI 23.MARS 2007 1
- VETRARRHÁTÍÐ Í SÓLTÚNI 1
- SÝKINGA-VARNIR 2
- ÍBÚAR STYRKJA ABC BARNAHJÁLP 2
- SAFNAD FYRIR TÆKJUM 3
- NÝR FÓTAADGE-GERÐAFRÆÐINGUR 3
- GUÐSPJÓNUSTA 4

VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á:

- Sjálfræði einstaklingsins
- Virðingu fyrir einkalífi
- Að athafnaþrá sé mætt
- Öryggi og vellíðan
- Að starfsemin sé í stöðugri endurskoðun
- Virkt gæðaeftirlit með þjónustu

VETRARRHÁTÍÐ Í SÓLTÚNI

Boðið var upp á góukaffi í samkomusalnum af tilefni vetrarrhátíðar í Reykjavík þann 23. febrúar. Ekki færri en 1000 pönnukökur voru bakaðar og ilmurinn fyllti húsið. Yfir 40 manna kór eldri borgara í Gerðubergi söng fyrir íbúa og starfsfólk undir stjórn Kára Friðrikssonar. Með þeim í för voru nöfnurnar Guðrún Jónsdóttir forstöðumaður starfs eldri borgara í Gerðubergi og Guðrún Kristjánsdóttir borgarstjórafrú.



VARNIR GEGN SÝKINGUM OG HVERS KYNS ÓHÖPPUM

Á þessum árstíma er mikið um sýkingar og flensa gengur yfir. Mjög mikilvægt er að þess sé gætt svo slíkar umgangspæstir berist ekki inn á hjúkrunarheimili þar sem íbúar þar eru mun viðkvæmari fyrir en hraust fólk.

Sóltún hefur að undanfögnu staðið fyrir þemavikum þar sem unnið er að fræðslu og vitundarvakningu um mikilvægi forvarna í daglegu starfi. Daglega er lögð áhersla á mikilvægi tiltekinna þátta s.s. handþvottar, byltuvarna, umgengni við lyf og öryggis lyfjagjafar, sýkingavarna og meðferð matvæla. Stuðst var við leiðbeiningar útgefnar af Landspítala-háskólasjúkrahúsi og sýkingavarnahjúkrunarfræðingur flutti erindi. Ákveðið hefur verið að þemavikur í þessu skyni verði árlega.

ÍBÚAR STYRKJA ABC BARNAHJÁLPINA

Handverkshópur iðjupjálfunardeildar í Sóltúni gaf ABC barnahjálp ágóða af jólasölu handverksmuna síðastliðinna tveggja ára. Upphæðin nam 40.000.- kr. og ákvað hópurinn að framlagið skyldi notað til uppbyggingar heimavistar og kofa fyrir 4 stúlkur í Úganda, en þar hafa ungar stúlkur ekki öruggt skjól fyrir mikilli hættu að smitast af alnæmi.

Handverkshópurinn bauð Guðrúnu Margrétu Pálsdóttur forstöðukonu og stofnanda barnahjálparinnar í heimsókn til að veita gjöfinni móttöku og fræða hópinn um starfsemina. ABC barnahjálp var stofnuð 1988 með það meginmarkmið að efla og styrkja aðgang barna að menntun og fræðslu. Starfið hefur vaxið ört og nú styrkir barnahjálpin um 5600 fátæk og umkomulaus börn með skólagöngu, læknishjálp, fæði og klæði. Um 2200 þeirra fá fulla framfærslu og húsaskjól á heimilum ABC (sjá nánar á www.abc.is).



SÓLTÚN SAFNAR FYRIR TÆKJUM

Sóltún kaupir reglulega hjálpartæki fyrir nokkrar milljónir. Samt sem áður er ávallt þörf fyrir fleiri tæki fyrir íbúana okkar. Minningarsjóður Sóltúns hefur það að markmiði sínu að bæta aðbúnað og er nú áttak í gangi til að útvega eftirtalin tæki:

Standgrind er tæki sem hjálpar fólki að standa upp úr sæti sínu.

Það er mikilvægt fyrir fólk sem er í hjólastólum að ná uppréttri stöðu. Það vinnur á móti styttingum í mjaðmavöðvum og hnjám, vinnur á móti beinþynningu og er gott fyrir blóðrásina.

Rúmlega helmingur íbúa Sóltúns er hjólastólabundinn svo ekki er nokkur vafi á því að slík grind kemur að góðum notum. Kostnaður er um 500 þúsund. Nágrannar okkar á Bón og Bílapvottastöðinni vinna með okkur að þessu verkefni.

Blöðruómskoðunartæki

Þvagleki er algengt vandamál á hjúkrunarheimilum. Blöðruómskoðunartæki auðveldar greiningu á ákveðnum fylgikvillum s.s. ef grunur leikur á að þvagblaðran tæmi sig ekki sem skyldi. Þarf þá ekki að grípa til alvarlegra inngripa eins og að setja upp þvaglegg til greiningar. Ef þvagblaðran tæmir sig ekki er hættu á þvagfærasýkingu. Tækið er t.d. mikill ávinningur fyrir þá sem eru með heilabilun og skilja ekki hvað er í gangi, en notkun blöðruómtækis er óþægindalaus. Tækið kostar um 800 þúsund.

Þeir sem vilja leggja þessarri söfnun lið geta lagt framlag inn á minningarsjóð Sóltúns kt.600300-5390 banki 101-18-930044.

NÝR REKSTRARAÐILI Á FÓTAAÐGERÐASTOFUNNI

Berglind Sigurðardóttir fóttaaðgerðafræðingur lætur af störfum í vor eftir farsælt starf. Sóltún hefur samið við Hildi Pálsdóttur fóttaaðgerðafræðing og mun hún taka við stofunni 1.júní.

